



Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum Akraneskaupstaðar

Nýlega samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem snýr einkum að gjaldfrjálsum skólamáltíðum í grunnskólum landsins. Lögin má rekja til sameiginlegrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. mars sl. sem hafði það að markmiði að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði. Bæjarstjórn Akraness lýsti sig reiðubúna til að endurskoða gjaldskrár sveitarfélagsins er snúa að börnum og barnafjölskyldum, þ.m.t. gjaldskrá mötuneyta grunnskóla.

Skólamáltíðir í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla verða gjaldfrjálsar skólaárið 2024-2025. Áfram er þó gert ráð fyrir að foreldrar sem þiggja gjaldfrjálsar skólamáltíðir skrái börn sín í mataráskrift í gegnum Timian kerfið sem aðgengilegt er á heimsíðum grunnskólanna. Eitt helsta verkefni við innleiðingu gjaldfrjálsra skólamáltíða er að stýra innkaupum og sporna við matarsóun. Það kallar á samstarf og ábyrgð allra hlutaðeigandi. Skráning fer fram þrisvar yfir skólaárið; ágúst, desember og mars og er skráning bindandi innan tímabils. Foreldrar skulu eins og áður tilgreina dagaval eftir matseðli við skráningu. Skráning í mataráskrift er forsenda þess að nemandi eigi vísan mat í mötuneyti skólans. Óskað er eftir því við foreldra að börn þeirra verði einungis skráð í mat þá daga sem þau koma til með að borða í mötuneyti skólans. Akraneskaupstaður gerir ráð fyrir fjölgun nemenda í mataráskrift með tilkomu gjaldfrjálsra skólamáltíða. Það kallar á ýmsar breytingar og aðlögun í skólamötuneytunum. Ábyrg skráning nemenda í mataráskrift skiptir höfuð máli til að tryggja að framkvæmd og innleiðing gjaldfrjálsra skólamáltíða gangi sem allra best.

Virðingarfyllt,

Dagný Hauksdóttir

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs